

# Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins

## Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku

### 1. Inngangur

Sem germönsk mál eru íslenska og þýska mjög skyld og kemur skyldleiki þeirra fram á mörgum sviðum, s.s. í beygingafræði, setningafræði og orðfræði svo að nefnd séu nokkur dæmi. Þeir sem leggja stund á þýsku sem erlent tungumál eiga þó oft torvelt með að koma auga á skyldleika tungumálanna, þeir furða sig t.d. á því að á þýsku er orðið ‚Tisch‘ karlkynsorð en íslenska orðið ‚borð‘ hvorugkynsorð og þýska orðið ‚Zug‘ er karlkyns en íslenska orðið ‚lest‘ er kvenkyns. Í þessum tilvikum er auðvelt að vekja athygli á skyldleika tungumálanna með því að benda nemendum á þá staðreynd að þýska orðið ‚Tisch‘ er í raun náskylt íslenska orðinu ‚diskur‘ sem er karlkyns en ólík málsöguleg þróun hefur orðið til þess að merking orðanna í þýsku og íslensku varð annars vegar ‚borð‘ og hins vegar ‚diskur‘. Á sama hátt má taka íslenska orðið ‚súgur‘ sem dæmi en það er samstofna þýska orðinu ‚Zug‘ og þar sem ‚súgur‘ er karlkynsorð á íslensku er í raun afar eðlilegt að ‚Zug‘ sé karlkynsorð á þýsku. Einfaldar útskýringar á borð við þær sem hér voru nefndar geta aukið áhuga nemenda á því að leita að skyldleika tungumálanna. Þá er einnig unnt að finna orð í þýsku og íslensku sem eru samstofna en merking þeirra hefur breyst, þ.e. þrengst eða víkkað. Sem dæmi um þetta mætti nota orðið ‚Hochzeit‘ sem merkir ‚brúðkaup‘, þ.e. ein ákveðin hátíð en íslenska orðið ‚hátíð‘ er víðara. Ennfremur er mögulegt að benda á föst orðasambönd og málshætti sem sýna skyldleika málanna þar sem myndunar-

grunnur (þ. *Motivationsbasis*) þeirra er hliðstæður. Uppruni fastra orðasambanda er fjölbreyttur, í þýsku og íslensku koma fyrir föst orðasambönd sem eiga sér sameiginlegan uppruna t.d. í Biblíunni og einnig getur verið um að ræða hliðstæðar myndlíkingar í föstu orðasambandi í þýsku og íslensku. Dæmi um algenga málshætti sem finnast bæði í íslensku og þýsku eru *Morgenstunde hat Gold im Munde* ‚morgunstund gefur gull í mund‘, sem eiga sér að vísu ólíkan uppruna þó að merkingin sé sú sama, og *der Apfel fällt nicht weit vom Stamm* ‚sjaldan fellur eplið langt frá eikinni‘. Það er að vísu nokkuð undarlegt að í íslenska málshættinum kemur fram að epli vaxi á eikartrjám, en það ber vott um hversu mikilvæg stuðlasetningin er í íslensku. Loks má benda á málsháttinn *aller guten Dinge sind drei* ‚allt er þegar þrennt er‘. Í þýska málshættinum kemur fyrir ‚Ding‘ í merkingunni ‚Thing‘ þ.e.a.s. þing og er málshátturinn merkilegt dæmi um samspil tölunnar þrjú, sem er mikilvæg í þjóðtrú, og þeirrar staðreyndar að í germönskum sið voru haldin þrjú þing, vorumar- og haustþing. Í þýsku kemur málshátturinn fyrir í lög-bókinni *Sachsenspiegel* frá 13. öld og er hann því væntanlega upprunninn úr lagamáli (þ. *Rechtsspruchwort*) (Röhrich 1982: 19, Wander 1987: 605). Í þýskum og íslenskum orðtökum er unnt að benda á samsvaranir eins og *etwas kommt jmdm. spanisch vor* ‚eitthvað kemur einhverjum spánskt fyrir sjónir‘, *den Nagel auf den Kopf treffen* ‚hitta naglann á höfuðið‘, *den Teufel an die Wand malen* ‚mála skrattann á vegginn‘ og *eine Schraube locker haben* ‚vera með lausa skrúfu‘ eru greinilega dæmi um. Þýsk og íslensk föst orðasambönd geta átt sér hliðstæður en dæmi eru einnig um að föst orðasambönd í íslensku eigi sér samsvarandi mynd í frönsku en þýska myndin sé frábrugðin. Franska orðtakið *c'est une goutte d'eau dans la mer* samsvarar til að mynda orðtakinu ‚þetta er eins og dropi í hafid‘ á íslensku. Í þýsku er hins vegar að finna orðtakið *das ist ein Tropfen auf den heißen Stein* ‚eitthvað er dropi á heitan steininn‘ í orðrétttri þýðingu. Þótt ekki sé auðvelt að benda á fjölda slíkra dæma bera þau fjölbreyttum myndunargrunni og mismunandi leiðum myndlíkinga inn í ólík tungumál glöggt vitni.

Ef litið er til orðapara sem koma fyrir í íslensku svo sem *í gegnum þykkt og þunnt* og *segi og skrifa* má benda á hliðstæður í þýsku þ.e. *durch dick und dünn* og *sage und schreibe*. Í íslensku, einkum í íslensku

talmáli, koma einnig fyrir orðapör sem oft má rekja í gegnum dönsku til þýskra orðapara. Dæmi um þetta eru orðapörin *þvers og kruss*, þýska *Kreuz und Quer*, *vera fýr og flammi* sem á þýsku er *Feuer und Flamme sein*.

Í fraseólógíu á íslensku og þýsku er unnt að sýna fram á skyldleika er varðar uppruna og myndunargrunn fastra orðasambanda. Í föstum orðasamböndum tungumála koma þó fyrir orð sem skera sig úr hvað þetta varðar. Í slíkum tilfellum er ekki auðvelt og jafnvel ómögulegt að finna samsvörun eða sambærilegt orð í öðru skyldu tungumáli. Slík orð eru nefnd stakyrði og verður fjallað nánar um þau hér á eftir. Tilgangurinn með umfjölluninni um stakyrði er að skýra tilurð þeirra og fjölbreyttan myndunargrunn og dýpka þannig skilning þeirra sem leggja stund á þýsku sem erlent tungumál á þessum sérstöku orðum tungumálsins sem oft koma spánst fyrir sjónir og geta valdið misskilningi. Tileinkun fastra orðasambanda er eitt hið mikilvægasta við að ná tökum á erlendum tungumálum og réttur skilningur og rétt notkun á föstum orðasamböndum sem innihalda stakyrði eru oft erfiðasta hindrunin í því ferli. Einnig má líta til þess að stakyrðin varðveita söguleg og menningarsöguleg fyrirbæri því þau eru leifar eldri atvinnu- eða þjóðháttar og endurspegla löngu liðna tíma. Þau skjóta því upp kollinum sem nokkurs konar steingervingar tungumálsins – steingervingar sem enn lifa í málinu.

## 2. Stakyrði

### 2.1 Skilgreining og tilurð stakyrða

Stakyrði (þ. *unikale Komponente*) er heiti á orðum sem einungis koma fyrir í einu orðasambandi í orðaforða hvers tungumáls, þ.e. þau eru ekki notuð nema í ákveðnu föstu orðasambandi og ekki öðru samhengi (Burger 2007: 12, Fleischer 1982: 42). Þar sem stakyrði koma fyrir er unnt að sýna fram á mikla orðasafnslega festu en á henni eru mismunandi stig (Oddný G. Sverrisdóttir 2009: 157). Alger orðasafnsleg festa er það kallað þegar stakyrði koma eingöngu fyrir í föstu samhengi. Dæmi um þetta eru þýska orðtakið *Maulaffen feilhalten* ‚góna út í loftið‘. Ef *Maulaffe* kemur fyrir þá kemur einnig

sögnin *feilhalten* fyrir og öfugt. Í íslensku mætti e.t.v. nefna orðaparið *bolt og bolt* sem dæmi um algera orðasafnslega festu. Dæmi úr íslensku þar sem stakyrði kemur fyrir er að *leggja sig í líma við e-ð*, en þarna er ekki um algera orðasafnslega festu að ræða þar sem sögnin *leggja* kemur einnig fyrir utan orðtaksins eins og á reyndar við um samtenginguna og í fyrra dæminu. *Lími* er aftur á móti einungis þekkt í orðtakinu og er því stakyrði. Í föstum orðasamböndum geta komið fyrir afbrigði og tilbrigði. Afbrigði er það nefnt þegar fast orðasamband kemur fyrir í breyttri mynd í texta og tilbrigði þegar fleiri en ein birtingarmynd fasts orðasambands er þekkt (Oddný G. Sverrisdóttir 2009: 156). Afbrigði og tilbrigði eru yfirleitt ekki þekkt þegar stakyrði eiga í hlut þó að þau geti verið fyrir hendi innan fastra orðasambanda sem í eru stakyrði og hafa breyst í tímans rás. Orðasafnsleg festa fastra orðasambanda er eins og áður sagði forsenda þess að stakyrði hafi varðveist í tungumálum og merkingargagnsæi fastra orðasambanda þar sem þau er að finna er jafnan mjög lítið. Málnotendur skilja ekki lengur ‚lími‘ í orðtakinu hér að ofan og geta ekki leitt merkingu þess af einstökum orðum orðasambandsins. Mörgum, sem hafa íslensku að móðurmáli, vefst einnig tunga um tönn séu þeir beðnir um að útskýra hvað orðið ‚humátt‘ merkir – ekki er um eiginlega átt að ræða – en geta hiklaust útskýrt orðtakið *að fara í humátt á eftir einhverjum*. *Humátt* er því dæmi um stakyrði í föstu orðasambandi.

Í viðamiklum rannsóknum Lutz Röhrichs á uppruna og myndlíkingum í þýskum orðtökum<sup>1</sup> þar sem hann í raun lyftir grettistaki á sviði þýskrar fraseólógíu fjallar hann um eðli stakyrða á eftirfarandi hátt:

Oft er málsöguleg þróun þannig að orðtak fjarlægist æ meira sitt upprunalega svið. Því er ákveðin þörf á skýringum einkennandi fyrir orðtök. [...], Am Hungertuch nagen‘ – ‚in die Tretmühle kommen‘ – ‚etwas auf dem Kerbholz haben‘ – ‚Maulaffen feilhalten‘ eru dæmi um orðtök sem höfðu eiginlega merkingu en eru nú eingöngu skiljanleg í yfirfærðri merkingu og því nauðsynlegt að útskýra. Já, upprunaleg merking einstakra orða er orðin óskiljanleg, þar sem þau urðu til of löngu

1 Lutz Röhrich (1912–1996) notar hugtakið *sprichwörtliche Redensart* fyrir orðtak.

fyrir tíma tæknivæðingar til þess að við getum skilið hvað Kerbholz, Tretmühlen, Maulaffen, Hungertücher og [...] þýddu. [...] Öll orðtök okkar eru leifar, ‚Survivals‘, að því leyti að þau tilheyra annarri menningu í andlegu og efnislegu tilliti og gegndu fyrir á tímum öðru hlutverki og höfðu aðra merkingu.<sup>2</sup>

Bæði í íslensku og þýsku koma stakyrði fyrir í ýmsum orðflokkum þó að þau séu algengust sem nafnorð og lýsingarorð. *Humátt, biðilsbuxur, villigötur, smiðsbögg, grafgötur, beygarðshorn, dár, seginn, mislagður, guðslangur* eru dæmi um íslensk nafnorð og lýsingarorð sem eru stakyrði í föstu orðasamböndunum *fara/halda í humátt(ina) á eftir e-m, vera á biðilsbuxunum, vera á villigötum, reka smiðsböggð á e-ð, fara ekki í grafgötur með e-ð, vera alltaf við sama beygarðshornið, draga dár að e-m, eitthvað er segin saga, e-m eru mislagðar bendur, allan guðslangan daginn*. Lítið er um sagnir sem stakyrði en þó er sögnin *hrjósa* í *hrjósa hugur við e-u* dæmi um slíkt. Þýsk dæmi um lýsingarorð sem stakyrði eru *mundtot* í *jemanden mundtot machen* ‚þagga niður í e-m‘, *lautbar* í *lautbar werden* ‚gera e-ð heyrinkunnugt‘, *handgemein* í *handgemein werden* ‚ráðast á e-n‘, *hellauf* í *hellauf begeistert* ‚yfir sig hrifinn‘ bæði *gang* og *gäbe* í *gang und Gäbe* ‚mjög algengur‘ og *klipp und klar* ‚skýrt og skorinort‘. Dæmi um sagnir sem eru stakyrði er *lumpen* í *sich nicht lumpen lassen* ‚vera örlátur‘ og *leiben* í *wie etwas/jmdn. leibt und lebt* ‚eins og eitthvað/einhver á að sér að vera‘.

Í nokkrum tilfellum er unnt að benda á stakyrði í íslensku sem eiga sér fyrirmyndir í erlendum tungumálum. Dæmi um þetta er að ‚vera á biðilsbuxunum‘. Þýska orðtakið *auf Freiersfüßen gehen* samsvarar því að vera á biðilsbuxum á íslensku, stuðlasetningin í *Freiersfüßen* heldur sér í íslensku í stuðlunni í biðilsbuxunum. Þýska orðasambandið *am helllichten Tage* samsvarar fasta orðasambandinu

2 Vielfach verläuft die sprachgeschichtliche Entwicklung so, daß sich eine Redensart immer mehr von ihrem Realbereich entfernt. Eine gewisse Erklärungsbedürftigkeit ist darum ein Kennzeichen der Gattung. [...] ‚Am Hungertuch nagen‘ – ‚in die Tretmühle kommen‘ – ‚etwas auf dem Kerbholz haben‘ – ‚Maulaffen feilhalten‘ sind z.B. solche erklärungsbedürftigen sprichwörtlichen Redensarten, die einen durchaus nachweisbaren Realsinn gehabt haben, die aber heutzutage nur noch bildlich verstanden werden. Ja der ursprüngliche Sinn der Einzelwörter ist meist unverständlich geworden, weil er zu weit noch in das vortechnische Zeitalter zurückreicht, daß wir heute noch wüßten, was Kerbholz, Tretmühlen, Maulaffen, Hungertücher und [...] bedeuteten. [...] Alle unsere sprichwörtlichen Redensarten sind Überbleibsel ‚Survivals‘, insofern als sie Element einer geistigen oder materiellen Kultur sind, die in früheren Zeiten einen anderen Sinn und eine andere Funktion gehabt haben als heute (Röhrich 1982: 18).

,um hábjartan dag' á íslensku og fasta orðasambandið *auf dem Holzweg sein* á sér merkingarlega samsvörun í fasta orðasambandinu ,vera á villigötum'. Stakyrðin *Holzweg* og *villigötur* hafa mjög sambærilega merkingu þótt merkingargrunnurinn sé ólíkur; villigötur vísa til þess er menn villast af leið (lífsleiðinni) (Jón G. Friðjónsson 2006: 953) en um merkingu *Holzweg* verður fjallað hér að neðan.

Wolfgang Fleischer hefur fjallað nokkuð um flokkun og tilurð stakyrða í þýsku og bendir á mismunandi málsögulega þróun sem leitt getur til þess að orð verða að stakyrðum. Hann bendir á að málnotendur skilji ekki lengur stakyrðið, þar sem orðið sé úrelt eða fornt mál. Hann nefnir sem dæmi nafnorðið *Präsentierteller* (,bakki') í orðasambandinu *wie auf dem Präsentierteller sitzen* ,vera fyrir allra augum' (Fleischer 1982: 45). Orð getur verið þekkt sem fagorð á ákveðnu sviði en náð útbreiðslu í föstu orðasambandi, s.s. nafnorðið *Zwickmühle* í *in der Zwickmühle sitzen* ,vera í vandræðum' ,vera í þrengingum'. *Zwickmühle* (,svikamylla') er þekkt leikgildra úr borðspilinu myllu en hefur náð útbreiðslu í ofangreindu orðasambandi. Stakyrði geta átt sér samyrði annarrar og óskyldrar merkingar (þ. *Homonym*). Gott dæmi um það er að finna í orðtakinu *mit Kind und Kegel* ,með börn og buru'. Orðið *Kegel* er til í merkingunni ,keila' en í orðtakinu kemur fyrir samyrðið *Kegel* (,óskilgetið barn') sem er þarna orðsifjalega og merkingarlega annað orð (Fleischer 1982: 45). Í tilvikum sem þessum þarf því að koma til þekking á ákveðnu fagmáli eða á málsögu tungumálsins til þess að merkingargagnsæi föstu orðasambandanna skiljist og vissulega getur í sumum tilvikum verið erfitt að komast á óyggjandi hátt að raun um hvernig málsögulegri þróun er háttað.

Fleischer kýs einnig að flokka tökuorð úr erlendum málum sem stakyrði og samkvæmt því eru orðin *down* í *ganz down sein* ,vera miður sín', *petto* í *etwas in petto haben* ,eiga eitthvað í bakhöndinni', *Leviten* í *jemandem die Leviten lesen* ,lesa yfir hausamótunum á e-m' og *Paroli* í *jmdm./einer Sache Paroli bieten* ,bjóða e-m/e-u birginn' dæmi um föst orðasambönd þar sem stakyrði er að finna (Fleischer 1982: 45). *Down*, *petto*, *Leviten* og *Paroli* eru tökuorð í þýsku og hér verður ekki tekið undir þessa skilgreiningu Fleischers á stakyrðum þar sem

tökuorð koma inn í tungumálið á allt annan hátt en orð sem verða að stakyrðum vegna málsögulegrar þróunar tungumálsins.

## 2.2 Stakyrði í nokkrum algengum föstum orðasamböndum í þýsku

Stakyrði í þýsku eiga sér margs konar uppruna og sýna hversu fjölbreytileg uppspretta tungumálið er þegar föst orðasambönd eiga í hlut. Hér verður sjónum beint að nokkrum föstum orðasamböndum sem hafa að geyma stakyrði. Við val þeirra var annars vegar leitast við að kynna til sögunnar stakyrði af ólíkum uppruna og hins vegar voru valin stakyrði sem oft eru nefnd í umfjöllun fræðimanna um stakyrði. Föstu orðasamböndin *jmdn. eine Standpauke halten* ‚halda skammarræðu yfir e-m‘, *etwas auf dem Kerbholz haben* ‚hafa e-ð á samviskunni‘, *Kobldampf schieben* ‚vera sársvangur/glorhungraður‘, *aus dem Stegreif* ‚án undirbúnings‘, *am Hungertuch nagen* (‚svelta‘, ‚vera glorhungraður‘), *alle Jubeljahre* ‚endrum og sinnum‘, *auf dem Holzweg sein* ‚vera á villigötum‘, *jmdn. ins Bockhorn jagen* ‚koma e-m í klípu/ í bobba‘, *Maulaffen feilhalten* ‚góna út í loftið‘ og *gang und gäbe sein* ‚vera mjög algengur‘ innihalda stakyrði og eru dæmi um föst orðasambönd sem nauðsynlegt er að skýra, ekki síst fyrir þeim sem leggja stund á þýsku sem erlent mál, og þau verða því gerð að umtalsefni hér.

Orðtakið *eine Standpauke halten* er upprunið úr stúdentamáli frá 18. öld. *Standpauke* (‚skammarræða‘) er samsett úr *Stand* (‚staður‘, ‚stóll‘, ‚standur‘) og *Pauke* (‚páka‘, ‚ketilbumba‘). Sögnin *pauken* merkti upprunalega að berja bumbu, hamra á e-u‘ og er myndlíkingin leidd af því að lærimeistarinn barði á brún púltsins til þess að leggja áherslu á mál sitt. – Sögnin *pauken* er nú notuð í merkingunni ‚læra utan að eins og páfagaukur‘ og ekki þarf að útskýra nánar af hverju. *Pauker* er notað sem skammaryrði um kennara.

Að baki *etwas auf dem Kerbholz haben* leynist ævafornt venja sem tíðkaðist í viðskiptum til að hafa eftirlit með skuldastöðu viðskiptamanna eða þeim fjölda vinnustunda sem menn höfðu innt af hendi. *Kerbholz* (einnig *Kerbstock*) var nokkurs konar kefli eða mælistokkur úr tré þar sem merkt var við hver staða viðskipta á milli kaupanda og seljanda var. Rist var rauf á ákveðinn stað á

stokknum því til staðfestingar. Sá sem var með mikið ‚auf dem Kerbholtz‘ skuldaði mikið. Nú merkir orðasambandið ‚að hafa eitthvað á samviskunni‘ (Röhrich 1982: 505).

Pegar litið er á *Kobldampf schieben* væri við fyrstu sýn unnt að hugsa sér að kljúfa orðtakið upp í *Kobl* sem merkir ‚kol‘ eða ‚kál‘ og *Dampf* ‚gufa‘ og síðan kæmi sögnin *schieben* ‚ýta‘. Útkoman úr slíkri tilraun til skýringar er í raun merkingarleysa því að ekki er rökrétt að draga þá ályktun af henni að *Kobldampf schieben* merki ‚vera glorhungeraður‘. Orðtakið krefst nánari útskýringar. *Kobldampf schieben* er komið úr máli umrenninga sem nefnt er *Rotwelsch* á þýsku og var nokkurs konar leynimál þar sem þeir sem það töluðu vildu ekki láta utanaðkomandi skilja hvað þeim fór á milli. Orðið *Kobl* er dregið af orðinu *Koll(er)* ‚(hungur)‘ og orðið *Dampf* merkir það sama svo að úr verður ‚tautologia‘, og *schieben* er dregið af *scheffen* ‚(vera)‘ (Röhrich 1982: 523, Duden 1989: 395).

Orðtakið *etwas aus dem Stegreif reden/machen* er mikið notað í þýsku nútímamáli og merkir ‚gera eitthvað án undirbúnings‘. Orðtakið á rætur sínar að rekja til heitis á ístaði sem í fornháþýsku var ‚stëgareif‘ og ‚stëgreif‘ í miðháþýsku. *Reif* var hringur eða gjörð á ístaði en með breytingum á lögun þess breyttist heitið og er nú *Steigbügel*. Upphaflega merkti orðasambandið að ‚gera eitthvað án þess að þurfa að stíga af hestbaki til þess‘ (Röhrich 1982: 1001-2).

Myndlíkingu orðtaksins *am Hungertuch nagen* ‚(vera glorhungeraður)‘ má rekja til þeirrar fornu venju að hengja upp klæði á föstunni fyrir framan altarið til þess að hylja það (Röhrich 1982: 456). Síðar var farið að hylja altari með klæðum í dymbilvikunni, þ.e. frá miðvikudeginum fyrir páska til páskadags, og voru það oft bláar eða svartar ábreiður, svokallaðar *Fastentuch* ‚(föstuklæði)‘. Fólk hóf að kalla klæðin *Hungertuch* (á lágþýsku ‚Smachtlappen‘), þ.e. ‚hungurklæði‘ og urðu þau táknmynd föstunnar og svengdarinnar sem henni fylgdi. Upprunalega var sögnin *nähen* ‚(sauma)‘ í orðasambandinu en smám saman hefur sögnin *nagen* ‚(naga)‘ tekið við. Til eru heimildir frá 17. öld sem staðfesta að eftir fjárþrengingar þrjátíu ára stríðsins frá 1618 til 1638 hafi oft þurft að sauma eða bæta ‚hungurklæðið‘ og hefur sú staðreynd væntanlega mótað orðtakið (Röhrich 1982: 457).

*Ins Bocksborn jagen* er dæmi um fast orðasamband með stakyrði



sem erfitt hefur reynst að skýra. Margar mótsagnakenndar útskýringar eru til á orðtakinu sem merkir að ‚koma e-m í klípu/ bobba‘ og nefnir Lutz Röhrich fjölmargar mögulegar skýringar (Röhrich 1982: 149–151), en orðið *Bockshorn* merkir ‚hafurshorn‘. Algeng skýring orðtaksins er að um sé að ræða þá óþægilegu stöðu að vera króaður af af hafurshornum. Þá hefur verið bent á að um geti verið að ræða nafn á útihúsum dýra. Wander bendir á að ein skýring orðtaksins sé e.t.v. leidd af eigin nafni lærimeistarans Markusar Zubrius Boxhorns sem á að hafa hlýtt skólapiltum sínum yfir af miklum ákafa (Wander 1987: 419). Þá er einnig bent á að um þýðingu úr ítölsku geti verið að ræða eða nafn á mjög illalýktandi plöntu. Enn aðrir leita skýringa í siðum og venjum eða jafnvel pyntingaraðferðum miðalda. Einnig getur gömul réttarvenja verið myndunargrunnur orðtaksins, en hún fól í sér að misgjörðir sakbornings sem klæddur var í sérstaka skyrtu voru lesnar yfir honum. Loks hefur verið látið að því liggja að um blótsyrði hafi verið að ræða. Engin að þessum skýringartilraunum hefur með óyggjandi hætti brugðið birtu á tilurð orðtaksins svo að ótvírætt sé og því munu fræðimenn halda áfram að leita uppruna þess.

*Maulaffen feilhalten* (‚góna opinmynntur upp í loftið‘) er eins og áður hefur komið fram dæmi um orðasamband með algerri orðasafnslegri festu þar sem bæði orðin koma eingöngu fyrir í þessu orðtaki, og er því um tvö stakyrði er að ræða. *Maulaffe* var notað sem skammaryrði um fólk og *feilhalten* er leitt af *feil haben* í miðháþýsku sem merkir að eitthvað sé ódýrt. Ekki hefur tekist að finna skýringu á orðtakinu, þar sem í því hafa blandast saman ólíkar hugmyndir frá mismunandi þýskum málsvæðum, en það virðist þó eiga rætur að rekja til ákveðinnar athafnar. Þegar fólk hafði vegna vinnu sinnar ekki lausar hendur og farið var að dimma, var sett logandi spýta – kannski mætti ímynda sér hana sem stóra eldspýtu – í munn viðkomandi sem hélt spýtunni milli tanna sér til að hafa dálitla birtu við vinnu sína. Á 13. og 14. öld var farið að búa til festingar undir slíka kyndla. Festingarnar voru oft eins og höfuð í laginu og var spýtunni stungið í op sem var eins og munnur, voru þær kallaðar *Maulauf* eða *Geammaul* í Norður-Þýskalandi en *Gäbnaffen* í Suður-Þýskalandi (Röhrich 1982: 631).

*Auf dem Holzweg sein* (‚vera á villigötum‘) á rætur sínar að rekja

til skógarhöggs þar sem lagðir voru vegir eða þröngar götur sem einungis voru ætlaðar til þess að flytja timbur og lágu því ekki til ákveðins áfangastaðar. Þeir sem lentu á slíkum vegum fóru villir vegar, voru á villigötum (Röhrich 1982: 433).

Stuðlaða orðaparið *gang und gäbe sein* (,vera mjög algengur‘) er mikið notað í þýsku og hefur að geyma fornháþýska sagnorðið *gengi* sem merkir að ,vera í umferð, ganga á milli manna‘ og *gäbe*, sem hér er ekki viðtengingarháttur þátíðar af sögninni ,geben‘ sem hljómar á sama hátt, heldur lýsingarorð og merkir ,gjaldgengur‘. *Gang und gäbe* vísar til myntsláttu frá 13. öld og var notað um þá mynt sem var algeng en fékk síðan víðari merkingu (Röhrich 1982: 301–302).

*Alle(r) Jubeljahre* (,endrum og sinnum‘) vísar til gyðingatrúar. *Jubeljahr* eða *Halljahr* var á fimmtíu ára fresti og hófst með miklum lúðrablæstri. Á því ári voru skuldurum gefnar upp allar skuldir. Upphaflega átti árið að vera á aldar fresti, en tíminn á milli fagnaðaráranna var stytur í 50 ár, síðan í 33 ár og loks í 25. *Jubiläum* (,fagnaðarhátíð‘) á rót sína að rekja til þessa atburðar (Röhrich 1982: 466).

Stakyrðin í ofangreindum föstum orðasamböndum endurspeglar liðna atvinnuhætti, réttarfarar, þjóðfélagshætti, trúarbrögð, verslun og viðskipti. Tæknibreytingar, breyttir þjóðfélagshættir og framfarir á mörgum sviðum hafa haft í för með sér að smám saman hafa málnotendur þýska málsvæðisins hætt að skilja eiginlega merkingu orðanna. Þau hafa þó ekki fallið í gleysku þar sem föst orðasambönd varðveita þau með eðli sínu, yfirfærð merking er skiljanleg þótt hin eiginlega þekkist ekki lengur. Föst orðasambönd gegna því mikilvægu menningar- og málsögulegu hlutverki.

### 3. Að lokum

Í föstum orðasamböndum tungumála endurspeglast síðir, venjur, atvinnuhættir, þjóðhættir, réttarfarar og einkenni hvers málsvæðis, og stakyrði í föstum orðasamböndum eiga sér margvíslega myndunargrunna. Hér að framan var t.d. fjallað um stakyrði sem á rætur að rekja til Biblíunnar, myntslátta er myndunargrunnur annars stakyrðis, þá kemur leynimál umrenninga við sögu í því þriðja.

Myndunarsaga þeirra er því mjög fjölbreytileg og ber málsögu og málþróun, sérkennum og e.t.v. sérstöðu þýska málsvæðisins sérstakt vitni. Stakyrði sem varðveitast innan eins tungumáls finnast ekki í öðrum tungumálum, þar sem myndunargrunnurinn er í langflestum tilfellum misjafn eftir málsvæðum. Stakyrðin berast áfram mann fram af manni í nokkuð óbreyttri mynd þrátt fyrir breytingar tungumálsins. Orðasafnsleg festa fastra orðasambanda varðveitir þannig vitneskju um líf og störf þeirra sem byggðu málsvæðið og verður þess valdandi að stakyrðin eru sem ómur fyrri kynslóða eða steingervingar tungumálsins. Stakyrðin geta vafist fyrir þeim sem leggja stund á erlend tungumál þar sem merkingargagnsæi þeirra er oft lítið sem ekkert. Sá sem hefur föst orðasambönd sem innihalda stakyrði á valdi sínu á erlendum tungumálum er án efa mjög langt kominn í tungumálanáminu. *Kobldampf schieben* og *Hunger haben* merkir vissulega það sama á þýsku (‘vera glorhungraður’) en orðasambandið sem inniheldur stakyrðin er blæbrigðaríkara. Með því að fjalla sérstaklega um stakyrði í föstum orðasamböndum er unnt að flétta saman mál-, menningar- og atvinnuháttasögu málsvæðisins og dýpka þannig tungumálanámið auk þess sem það getur gert námið áhugaverðara að benda á algeng orðasambönd sem innihalda stakyrði jafnvel þótt nemendur séu ekki komnir langt í náminu.

Stakyrði valda þeim sem leggja stund á þýðingar oft miklum heilabrotum. Þýðendur geta yfirleitt ekki fundið stakyrði í markmálinu sambærileg þeim sem koma fyrir í frumtextanum og þá reynir oft á þýðendur ef takast á að flytja það sem felst í orðinu yfir í þýdda textann. Stakyrðin geta einnig verið uppspretta orðaleikja, þannig er t.d. til timburvöruverslun sem heitir *Kerbbolz* og notar slagorðið *Kerbbolz und die Sache ist geritzt*. Þarna er verið að vísa til *etwas auf dem Kerbbolz haben*. *Ritzen* (‘rista í e-ð’) kemur fyrir í *die Sache ist geritzt* ‘málið er leyst’. Stakyrði sem eru leifar ævagamalla atvinnuhátta taka þannig á sig nýja mynd og auðga tungumálið.

Hingað til hefur ekki verið fjallað um stakyrði í íslensku en vert er að benda á óbirta samanburðarrannsókn Hans Widmers á

íslenskum og þýskum stakyrðum.<sup>3</sup> Umfjöllun um stakyrði í tungumálanámi getur verið kjörið tækifæri til þess að fjalla um þróun og sérkenni tungumálsins sem og atvinnu- og þjóðhætti málsvæðisins þar sem tungumálið er talað, því að þau hafa oft að geyma minjar um líf og starf á fyrri tímum. Stakyrði í tungumálum eru ennfremur tilvalið viðfangsefni í samanburðarrannsóknum tveggja eða fleiri tungumála og þau eiga fullt erindi við þá sem leggja stund á þýðingar eða nám í erlendum tungumálum. Föst orðasambönd hafa mikilvægu hlutverki að gegna í menningarlegu og málsögulegu tilliti og þau sem innihalda stakyrði hafa þar algera sérstöðu.

### ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um stakyrði í föstum orðasamböndum og orðasafnsleg festa fastra orðasambanda skýrð sem forsenda þeirra. Fjallað er um eiginleika og tilurð stakyrða, myndunargrunn þeirra og málsögulega þróun. Tekin eru dæmi um stakyrði í algengum föstum orðasamböndum af ólíkum uppruna í þýsku og reynt að skýra mismunandi bakgrunn stakyrðanna. *Maulaffen feilbalten* og *Kobldampf schieben* eru dæmi um föst orðasambönd sem innihalda stakyrði og koma þeim sem læra þýsku sem erlent mál oft spánskt fyrir sjónir. Föst orðasamband hafa mikilvægu hlutverki að gegna í menningarlegu og málsögulegu tilliti og þau þeirra sem innihalda stakyrði hafa þar sérstöðu. Sem dæmi um horfna atvinnu- og þjóðfélagshætti, eða eldri verslunar- og viðskipahætti, eru föst orðasambönd sem innihalda stakyrði ekki aðeins gagnleg í kennslu erlendra tungumála heldur gefa þau einnig gott tækifæri til þess að fjalla um sögulega og málsögulega þróun. Fjallað er um merkingarlegar samsvaranir í þýsku og íslensku.

*Lykilorð:* þýska, föst orðasambönd í þýsku, stakyrði, fraseología, samanburðarmálvísindi

3 Í BA-ritgerð Hans Widmers er fjallað um þýsk og íslensk stakyrði, upplýsingar um ritgerðina er að finna í heimildaskrá.

## ABSTRACT

**Isolated or fossilized words  
About unical components in some German idioms**

Unical components (*G unikale Komponenten*) in word groups and their characteristics, e.g. cohesiveness, are discussed in this article. Some common unical components in German idioms from different sources are explained. German *Maulaffen feilhalten* and *Kobldampf schieben* show idioms with unical components appearing very strange and non-transparent to students of German as a foreign language. However, word groups containing unical components can play an interesting role in culture and the history of language and be evidence of ancient ways of trading or working methods, or even stem from the law or social life in the language area. They can offer a good opportunity in the teaching of the foreign language to introduce the culture and history of language of the language area. Some semantic equivalents in Icelandic and German unical components are highlighted.

*Keywords:* German, word groups in German, phraseology, contrastive linguistics, unical components

## HEIMILDIR

- Blum, Geneviève og Nestor Salas. 1989. *Les Idiomatiques français-allemand*. París: Éditions du Seuil.
- Burger, Harald. 2007. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 3. útg.
- Duden. 1989. *Duden Etymologie. Herkunftswörterbuch der deutschen Sprache*. Mannheim. Leipzig, Vín, Zürich: Dudenverlag.
- Fleischer, Wolfgang. 1988. *Phraseologie der deutschen Gegenwartssprache*. Leipzig: Bibliographisches Institut.
- Handbuch der Phraseologie*. 1982. Ritstj. Harald Burger, Annelies Buhofer og Ambros Siam. Vestur-Berlín og New York: de Gruyter.
- Häusermann, Jürg. 1977. *Phraseologie. Hauptprobleme der deutschen Phraseologie auf der Basis sowjetischer Forschungsergebnisse*. Tübingen: Niemeyer.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Mál og menning, 2. útg.
- Jón G. Friðjónsson. 1997. *Rætur málsins*. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastadur. Orðabók um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2. útg.
- Jón Hilmar Jónsson. 2002. *Orðabeimur. Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasambandaskrá*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Jón Hilmar Jónsson. 2004. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Oddný G. Sverrisdóttir. 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkun fastra orðasambanda.“ *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum*, bls 149–172. Ritstj. Magnús Sigurðsson og Rebekka Práinsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pilz, Klaus Dieter. 1981. *Phraseologie. Redensartenforschung*. Stuttgart: Metzler.
- Röhrich, Lutz. 1982. *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*. Bd 1–4. Freiburg, Basel, Vín: Herder.
- Röhrich, Lutz, og Wolfgang Mieder. 1977. *Sprichwort*. Stuttgart: Metzler.
- Wander, Karl Friedrich Wilhelm. 1987. *Deutsches Sprichwörter-Lexikon. Ein Hauschatz für das deutsche Volk*. 5.b. Augsburg: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion. Leipzig: (fyrst útgefin) 1867.
- Widmer, Hans. 2011. *Schmucksteine der Sprache. Ein komparatistischer Vergleich von Phraseologismen mit unikalenen Komponenten in den Sprachen Deutsch und Isländisch. Óprentuð ritgerð til B.A.-prófs við Háskóla Íslands*.